



Brunavarnaáætlanir

Ráðstefna slökkviliðsstjóra

Akureyri 2009



Verkefni slökkviliða

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
3. Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum útbúnaði, m.a. úr bíflökum
4. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
5. Eldvarnaeftirlit.
6. Önnur þjónusta

Hvað ætlar slökkviliðið þjónusta ?

- Nokkuð er um misræmi á milli kafla
- Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. - Kemur í ljós að menntun og þjálfun vantar
- Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun - Kemur í ljós að menntun og þjálfun vantar
 - 2/3 slökkviliðsmanna hefur menntun til að sinna vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss.
- Slökkviliðið hefur ekki mannskap með menntun til að sinna reykköfun og slökkvistarfi innanhús.
- Hversu margir eiga að geta unnið við reykköfun ?

Hvað ætlar slökkviliðið þjónusta ?

- Hjá Brunamálaskólanum fjallar Námskeið 4 um mengunarvarnaviðbragð. Kröfur Brunamálastofnunar eru settar fram í lögum 75/2000 og eru þær að slökkviliðið ráði við þær áhættur sem eru á svæðinu (þ.m.t. þær sem fara um svæðið með flutningum)
- Slökkviliðin í hverjum landshluta eiga sameiginlega kerru með grunnviðbúnaði vegna mengunarslysa, þetta þarf að koma fram og hvernig samningar um rekstur þeirrar kerru eru milli slökkviliðanna. Notkun þessarar kerru þarf að æfa reglulega.
- Slökkviliðið þarf að geta sinnt slysum sem verða í tengslum við flugvöll. Enda er þetta talið upp í kafla 3 sem verkefni útkallssviðs
- Hvaða samningar eru við nágrannasveitarfélög, er almannavarnaástand ef kviknar í nánast hvaða áhættu sem er í sveitarfélaginu ?

Hver er lágmarksgeta slökkviliðs ?

- Þarf að gera sér grein fyrir því hvað þessi fjöldi manna getur gert. Ræður ekki við verksmiðju, ípróttahús eða grunnskóla. Hverjar eru því ráðstafanir á þessum stöðum til að bæta brunavarnir eða efla slökkviliðið.
- Það vantar menntun hjá slökkviliðsmönnum til þess að þeir geti sinnt þeirri þjónustu sem slökkviliðið ætlar að veita. Þarf samning við einhvern sem getur gert þetta.
- Í dag hefur slökkviliðsstjóri ekki heimild til að skoða byggingar þar sem hann vantar menntun. Getur t.d. ekki skrifað upp á veitingaleyfi.
- Hvernig ætlar slökkviliðið að sinna verkefnum sínum með þennan fjölda slökkviliðsmanna

Hver er lágmarksgeta slökkviliðs ?

- Þarf að skýra nánar hvað slökkvilið mun gera og hvaðan kemur aðstoð í stærri tilfellum.
- Það þarf að semja um aðstoð áður en slysið verður
- Hvenær á að segja eigendum fyrirtækja eða sveitarstjórn að slökkviliði ráði ekki við stóru vinnustaðina í sveitarfélaginu
- Menntun slökkviliðsmanna er ekki í samræmi við það sem kemur fram í áætluninni
- Æfingar eru ekki nægjanlegar margar til að uppfylla þjónustustigið
- Vantar menntunaráætlun með i fylgiskjali
- Vantar æfingaáætlun í fylgiskjal
- Töluverðar breytingar hafa orðið á liðinu á árinu 2008 og þarf að koma nýliðum á námskeið hjá Brunamálastofnunum svo fljótt sem auðið er. Slökkviliða þarf að geta sinnt þjónustigi.
 - Slökkviliða þarf að geta sinnt þjónustigi. Hvað þýðir svo fjótt sem auðið er? Er það árið 2009 eða allt til árssins 2012? Skýra betur

Hver er lágmarksgeta slökkviliðs ?

- Búnaður er ekki allur talinn upp
- Búnaður sem er til er ekki nægjanlegur og ekkert er gert til þess að bæta við hann til að sinna þjónustustigi.



Sérstakar bruna- eða mengunarhættur

- Lýsingar á byggingum og hvort slökkviliðið ræður við þær
 - Slökkvivatn er vandamál, fáir geta verið í reykköfun, dælumáttur takmarkaður. Slökkvilið þarf alltaf aðstoð. Hvað á að gera?
 - Þarf að gera samninga við þá sem eiga að aðstoða , setja í fylgiskjal.
 - Slökkvilið ræður ekki við bruna í byggingunni nema með aðstoð nágrannaslökkviliða - ekkert um hvað á að gera
- Vantar byggingar í listann (lýsinguna)
- Slökkvi- og mengunarslysaáætlanir eru ekki til
 - Er grundvöllur þess að hægt sé að gera raunhæfa Brunavarnaáætlun fyrir sveitarfélagið

Hafnir

- Ræður slökkviliðið við eld í skipinu. Hafa verið haldnar æfingar
- Vantar stutta lýsingu af stærð og umfangi hafnar
- Nægur búnaður. Hvað er í gáminum? Hvernig er ástand búnaðar. Er þessi búnaður nægjanlegur?
- Ræður slökkviliðið við þau skip sem koma að landi ?
 - Vatnsöflun ? Froða
 - Mengunarslys ?

Framkvæmdaáætlun - dæmi

- Viðhalda hlífðarfatnaði slökkviliðsmanna
- Halda áfram að byggja upp og viðhalda slöngueign (sérstaklega að kaupa 3" eða 4" lagnir). Kaupa þarf a.m.k. um 300 til 600 m eftir því hvaða slöngur eru keyptar.
- Bæta dælumátt slökkvibifreiðar
- Kaupa dælu í tankbifreið (t.d. 3000 l/mín dælu)
- Kaupa dælur sem afkasta a.m.k. 1600 l/mín
- Kaupa a.m.k. fjórar talstöðvar
- Kaupa loftdælu fyrir slökkvibíl
- Unnið að gerð áætlunar varðandi mengunarvarnarbúnað og því lokið
- Kaupa mengunarslysabúnað
- Kaupa a.m.k. sex talstöðvar fyrir reykkafara
- Kaupa talstöðvar
- Kaupa a.m.k. tvö reykköfunartæki ásamt aukakútum
- Loftpressa fyrir reykköfunartæki eða loftbanka
- Kaupa viðbótubúnað vegna klippuvinnu
- Auka menntun slökkviliðsmanna í samræmi við kröfur. Slökkviliðsmenn sækja námskeið 1 til 4 til að uppfylla þjónustustig. Slökkviliðsstjóri meira.
- Gerð slökkviáætlun / staðháttalýsingu fyrir byggingar í dreifbýli
- Æfingar verði í samræmi við þjónustustig. Fjölga æfingum.
- Fjölga slökkviliðsmönnum
- Æfingaráætlun til næstu fimm ára verði gerð fyrir lok október og drög fyrir lok mars
- Gerð verði slökkviáætlun á allar byggingar sem taldar eru upp í 8. kafla
- Gera samninga við samstarfsaðila.
- Kaupa millistykki og greinistykki
- Eldvarnaeftirlit í dreifbýli utan við 30 mín viðbragðstíma verður aukið með eftirliti og fræðslu.
- Gera úttekt á vatnsveitum þéttbýliskjarna og áætlun um úrbætur á henni.

Fylgiskjöl

- Listi um skoðunarskilda staði er ekki kominn
- Listi um menntun oft ófullnægjandi
- Vantar æfingaáætlun
- Vantar menntunaráætlun
- Vantar mynd af hafnarsvæði
- Samningar

Brunamálastofnun

Iceland Fire Authority

